



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2015-U016**

Dagsetning: **30.ágúst 2015**


Staðsetning: **Suðurlandsvegur við Klifanda**

Atvik: **Útafakstur**

Látin: **66 ára kona**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Staðsetning



Aðstæður

Veður og birta:

Bjart og 3-5 m/sek vindur. Hiti 8 gráður

Vegur:

Bundið slitlag, þurrt yfirborð, 90 km/klst. hámarkshraði

Tími sólarhrings:

15:18

Ökutæki:

Suzuki Jimny

Samantekt

Ökumaður og farþegar, erlendir ferðamenn, voru á leið frá Reykjavík austur að Vík í Mýrdal. Skammt vestan við brú yfir ána Klifanda missti ökumaður stjórn á bifreiðinni og fór útaf með hjól í hægri malarkant. Ökumaður brást við með því að stýra bifreiðinni skarplega til vinstri. Við það varð hægri framhjólbarði loftlaus og fór bifreiðin út af vinstra megin. Í slysinu lést 66 ára kona en hún var farþegi í hægri aftursæti. Hún notaði ekki bílbelti og kastaðist út úr bifreiðinni í slysinu. Að mati RNSA þarf áróður um bílbeltanotkun erlendra ferðamanna að vera beinskeyttari og gerir nefndin tillögu um það í öryggisátt.

Lýsing á slysi

Slysið varð kl. 15.18 síðdegis. Ökumaður og farþegar, erlendir ferðamenn, voru á leið frá Reykjavík austur að Vík í Mýrdal. Skammt vestan við brú yfir ána Klifanda missti ökumaður stjórn á bifreiðinni og fór út af með hjól í hægri malarkant. Ökumaður brást við með því að stýra bifreiðinni snöggt til vinstri inn á veginn aftur. Við það varð hægri framhjólbarði loftlaus og bifreiðin fór út af vinstra megin vegar. Bifreiðin fór fram af varnargarði sem er við ána Klifanda og endaði á toppnum á bakka árfarvegarsins, á þurru landi.

Í slysinu lést 66 ára kona en hún var farþegi í hægri aftursæti. Hún notaði ekki bílbelti og kastaðist út úr bifreiðinni í slysinu. Hún hlaut lífshættulega áverka m.a. á höfði, andliti, kvið og brjósti. Aðrir í bifreiðinni notuðu bílbelti og slösuðust mun minna. Farþegi í vinstra aftursæti hlaut áverka á brjóstakassa. Ökumaður hlaut áverka á höfði, baki og vinstri handlegg. Farþegi í framsæti hlaut rifbrot og lungnamar.



Mynd 1. För eftir bifreiðina í hægri vegkanti og þvert yfir veginn til vinstri.

Þegar slysið varð voru akstursaðstæður góðar, hjart veður, logn og engin ofankoma. Á slysavettvangi er Suðurlandsvegur 7,6 m breiður og voru yfirborðsmerkingar, brotin deililína og kantlínur, nýmálaðar. Við hlið vegarsins er merktur áningarstaður en engar vísbendingar voru um að ökumaður hafi ætlað að stöðva þar. Stutt vegrið er við brúna yfir ána Klifanda en það nær um 7 metra frá enda brúargólfsins. Samkvæmt viðmiðum Vegagerðarinnar frá árinu 2010 ætti vegrið á þessum stað að ná 60 metra frá hættusvæði og endafrágangur vera með öðrum hætti.

Ökumaður er sjötugur og taldi sig hafa góða reynslu af akstri, m.a. á bílaleigubifreiðum í hinum ýmsu löndum. Í framburði ökumanns hjá lögreglu kom fram að hann mundi ekkert

eftir því sem gerðist í aðdraganda slyssins. Að sögn farþega sem sat í vinstra aftursæti bifreiðarinnar þegar slysið varð missti ökumaðurinn hjól út af slitlaginu hægra megin, bifreiðin hafi síðan farið þvert yfir veginn og út af vinstra megin og þar sem hún valt. Taldi farþeginn ökumann hafa ekið gætilega fram að slysinu.

Vitni sem ók á eftir þeim í nokkurn tíma kvaðst hafa dregið á þeirra bifreið. Vitnið sagðist hafa verið hafi sjálft verið á 90 km/klst. hraða og taldi að bifreiðin sem fór út af hafi verið á mun minni hraða eða 70-80 km/klst. hraða.



Mynd 2. Ökutækið hafnaði í farvegi árinna Klifanda.

Ökutæki og ákoma

Bifreiðin var ný bílaleigubifreið, árgerð 2015, af gerðinni Suzuki Jimny. Hún var búin grófum sumarhjólborðum, lítið slitnum. Loftþrýstingur í hjólborðum var ívið hærri en ráðleggingar framleiðanda. Það getur haft áhrif á rásfestu ökutækis en telur rannsóknarnefndin ekki um afgerandi þátt að ræða. Yfirbygging bifreiðarinnar aflagaðist mikið við veltunar og var veruleg aflögun vinstra megin á framenda og þaki. Þá þrýstist toppur bifreiðarinnar upp í miðju. Loftpúðar blésu ekki út en það er ekki óeðlilegt þegar bifreið veltur. Loftpúðar blása fyrst og fremst út við harðar ákeyrslur. Öll bílbelti í bifreiðinni virkuðu eðlilega en sem fyrr segir notaði hin látna ekki bílbelti.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Áfengis- og lyfjaprófun ökumanns var neikvæð

Orsakagreining

- Ökumaður ók út í malarkant hægra megin
- Hann brást rangt við með því að sveigja of snögg til vinstri inn á veginn. Við það varð hægri framhjólbarði loftlaus og ökumaður missti stjórn á bifreiðinni.
- Farþegi sem lést notaði ekki bílbelti
- Vegrið við brúna var of stutt

Tillögur í öryggisátt

Bílbeltanotkun erlendra ferðamanna

Árið 2015 rannsakaði Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) sextán banaslys í umferðinni. Í fimm þessara slysa létust erlendir ferðamenn og líkt og fyrri ár var áberandi hve bílbeltanotkun er ábótavant meðal þeirra. Í slysinu við Klifanda sem hér er til umfjöllunar var límmiði við hanskahólf þar sem bent er á mikilvægi þess að spenna bílbelti. Að mati RNSA þurfa viðvörunarlímmiðar að vera stærri og helst einnig sýnilegir farþegum í aftursæti. Notkun bílbelta í aftursæti er verulega ábótavant í slysum ferðamanna sem RNSA hefur rannsakað.

Skýrslan var samþykkt af:

Geirprúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Inga Hersteinsdóttir

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Ágúst Mogensen
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 7. mars 2017

Rannsóknarnefnd samgönguslysa